

Reykjavík, 11.04.2023

/

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík

## Efni: Umsögn OR um áform um gerð Vegvísis að vistvænum samgöngum til 2030

Vísað er til áforma um gerð Vegvísis að vistvænum samgöngum sem birt voru í samráðsgátt Stjórnarráðsins, 21. mars 2023, sbr. mál nr. 74/2023. Um er að ræða vegvísi að vistvænum samgöngum á Íslandi til ársins 2030 sem mun innihalda skilgreindar tímasettar aðgerðir sem miða að því að markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verði náð til ársins 2030 miðað við losun árið 2005.

Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög (hér eftir nefnd OR) fagnar því að innviðaráðuneytið hafi hafið vinnu við framangreindan vegvísi sem á að fela í sér skilgreindar aðgerðir til að draga úr losun í samræmi við skýr markmið stjórnvalda um samdrátt í losun til ársins 2030. Samdráttur í losun frá samgöngum er einn af lykilþáttum til þess að ná árangri í loftslagsmálum og þeim markmiðum sem sett hafa verið af hálfu stjórnvalda. OR samstæðan er orku- og veitufyrirtæki sem hefur sett sér skýr markmið um samdrátt og kolefnishlutleysi og hefur með aðgerðum sínum stutt við að framangreind markmið stjórnvalda.

OR leggur áherslu á í allri sinni starfsemi á að styðja við orkuskipti í samgöngum og þar með vistvænar samgöngur, til að draga úr losun og vinna að kolefnishlutleysi. Sett hafa verið þau markmið að virkjanir sem Orka náttúrunnar (ON) starfrækir verði sporlausar, á Hellisheiði árið 2025 og á Nesjavöllum 2030.

Einn meginþáttur í orkuskiptum er uppbygging innviða, en þar hefur ON verið brautryðjandi fyrir orkuskiptum í samgöngum frá árinu 2014 og verið leiðandi fyrir önnur fyrirtæki sem hafa unnið að uppbyggingu hleðslustöðva. ON leggur áherslu á að styðja við þá sem vilja skipta yfir í rafmagnsbíl með því að bjóða Heimahleðslu í áskrift og með uppbyggingu á Hverfahleðslum ON.

Rafbílaaukningunni fylgja áskoranir og þá helst til aukið álag á raforkukerfið. Rannsóknir hafa sýnt að með stórum rafbílaflota stóreykst raforkunotkun almennra neytenda sem þýðir að styrkja þarf dreifikerfi rafmagns og/eða stýra hleðslu rafbíla með einhverjum hætti. Ef ekkert verður að gert þarf að ráðast í stórar innviðafjárfestingar til þess að styrkja dreifikerfi rafmagns með gríðarlegum kostnaði. En með því að hafa áhrif á hleðsluhegðun neytenda er hægt að jafna álagið innan sólarhringsins og minnka álagstoppa í kerfinu. Það er gert með svokallaðri álagsstýringu. OR stendur nú fyrir rannsóknaverkefninu Hlöðum Betur sem snýr að því að kanna hvaða aðferðir virka og hvernig þegar kemur að álagsstýringu. Markmiðið er að fá reynslu og öðlast þekkingu á þessum málum til þess að geta tekist á við aukið rafbílaálag á komandi árum.

Á undanförunum árum hafa Veitur unnið með nokkrum sveitarfélögum að lagningu raflagna og styrkingu dreifikerfis fyrir hleðslubúnað í landi sveitarfélaganna, yfirleitt við bílastæði sem fyrir voru. Nú þegar hafa Veitur lagt rafmagn til tæplega 60 slíkra staða og 20 nýir eru

á áætlun 2023. Hjá Veitum eru í undirbúningi allt að 40 nýjar heimtaugar fyrir hraðhleðslustöðvar, ýmist fyrir fólksbíla eða flutningabíla. Slíkur búnaður krefst þess oftast að settar séu upp nýjar dreifistöðvar til að tryggja þessum kraftmikla hleðslubúnaði nægt afl. Veitur hafa einnig gert kröfur í útboðum um umhverfisvænni tæki fyrir jarðvinnu og umbunað þeim verktökum sem eru framarlega í innleiða kolefnisminni og kolefnislaus tæki.

OR vinnur að því að skipta út bílum og tækjum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti í starfsemi sinni fyrir bíla og tæki sem ganga fyrir rafmagni eða grænu eldsneyti. Þannig stefnir OR á að minnka eldsneytisnotkun um 90% fyrir 2030 miðað við stöðuna 2016.

OR samstæðan vill koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við þau áform sem kynnt hafa verið í samráðsgátt stjórnvalda.

### **Markmið**

Viðfangsefni Vegvísis að vistvænum samgöngum verður orkuskipti í samgöngum, þ.m.t. samgöngutæki, eldsneyti og uppbygging innviða sem og leiðir til að draga úr kolefnisspori vegna uppbyggingar og reksturs samgöngumannvirkja.

Einn mikilvægur þáttur í orkuskiptum er að stuðla að orkuskiptum hjá verktökum í framkvæmdaverkefnum. Í vegvísi þarf að setja fram aðgerðir sem snúa að framkvæmdum og orkuskiptum hjá framkvæmdaraðilum og hvaða aðferðir eru best til þess fallnar. Fyrirtæki sem vinna að innviðaframkvæmdum geta haft mikil áhrif á orkuskipti framkvæmdaraðila. Veitur vinna sem dæmi, að því að stuðla að orkuskiptum hjá verktökum í framkvæmdaverkum, m.a. í gegnum útboðsskilmála og að tryggja tengingar á heitu vatni og rafmagni við framkvæmdastaði.

Þá geta Veitur verið lykilsamstarfsaðili í rafvæðingarverkefnum svo sem Borgarlínu vegna fyrirkomulags hleðslu á borgarlínuvögnum. Einnig getur þekking og reynsla Veitna nýst til samstarfs við fyrirtæki í almenningssamgöngum svo sem Strætó bs. og við uppbyggingu vistvænna almenningssamgangna og alþjóðaflug, "Græn tenging við Keflavíkurlugvöll"

Mikilvægt er að huga að orkuskiptum á byggingarstöðum og tryggja að regluverk styðji við orkuskipti og sé ekki hamlandi.

### **Lýsing**

Í áformaskjali er vísað til þeirra stefna, áætlana og aðgerða opinberra aðila sem horft verður til við gerð tillögu að vegvísi.

Á vegum samtaka atvinnulífsins, SA, í samstarfi við stjórnvöld er nú unnið að gerð loftslagsvegvísis fyrir alla helstu geira atvinnulífsins, vegna samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda. Samorka og aðildarfélög vinna þannig að útgáfu á loftslagsvegvísi orku- og veitugeirans. Meginmarkmið verkefnisins er að ná lögbundnum markmiðum Íslands í loftslagsmálum. Aðgerðir til að ná markmiðum um kolefnishlutleysi árið 2040 verða einnig settar fram.

Gert er ráð fyrir að vegvísirinn verði gefinn út í júní nk. Við gerð vegvísis að vistvænum samgöngum þarf því að horfa til loftslagsvegvísis atvinnugeiranna sem ætlað er að setja fram skýrar aðgerðir um samdrátt í losun.

### **Samráð**

Tilgreindir eru helstu hagaðilar í samráði, eins og ráðuneyti, opinberar stofnanir, sveitarfélög og ýmiss hagsmunasamtök. Mikilvægt er að haft sé samráð jafnframt við þau fyrirtæki, eins og OR, sem gegna mikilvægu hlutverki á sviði innviða og orkuskipta við gerð vegvísins, enda liggur fyrir mikil þekking og reynsla hjá OR um orkuskipti og innviðauppbyggingu.

Að framan hefur verið gerð grein fyrir umsögn OR við áform um gerð Vegvísis að vistvænum samgögnum til ársins 2030. Undirrituð gerir fúslega nánari grein fyrir henni verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt,



Íris Lind Sæmundsdóttir  
Lögmaður